

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hvalfjarðarsveit.

Vestursvæði Grundartanga, breytt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti 23. febrúar 2021 breytingu á deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu á iðnaðar- og hafnarsvæði á vestursvæði Grundartanga.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og hafnarsvæðis sem tekur til útvíkkunar á losunarsvæði á núverandi flæðigryfju á vestursvæði, suðaustan (neðan) Grundartangavegar og einnig leiðréttingar á lóðastærðum.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvalfjarðarsveit, 22. nóvember 2021.

Bogi Kristinsson Magnúsen skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 23. nóvember 2021